

Fundargerð umdæmisstjórnarfundar nr. 3 Kiwanisumdæmisins Ísland – Færeyjar, haldinn að Bíldshöfða 12, Reykjavík, laugardaginn 18. febrúar 2017 kl. 10.00

Dagskrá:

1. Fundur settur – kynning fundarmanna
2. Skýrsla umdæmisstjóra
3. Skýrsla umdæmisritara
4. Skýrsla umdæmisfóðis
5. Skýrsla kjörumdæmisstjóra, formanns Stefnumálanefndar og tengiliðar gagnagrunns KI
6. Skýrslur svæðisstjóra
7. Dagskrá frestað vegna afhendingu K-dags styrkja frá kl 11.45 til 13.15
8. K-dagsnefnd
9. Tryggingasjóður
10. Hjálmanefnd
11. Styrkjanefnd
12. Varaforseti KI-EF-úrtak mála v/auka þings KI-EF, janúar í 2017.
13. Internetnefnd
14. Kynningar og markaðsnefnd
15. Ferðanefnd
16. Fræðslunefnd
17. Önnur mál

Mættir: Haukur Sveinbjörnsson umdæmisstjóri, Konráð Konráðsson kjörumdæmisstjóri, tengiliður gagnagrunns KI og formaður Stefnumótunarnefndar, Gunnsteinn Björnsson fráfaraandi umdæmisstjóri og formaður Kynningar- og markaðsnefndar, Eyþór Einarsson verðandi kjörumdæmisstjóri, Magnús Helgason umdæmisfóðir, Jóhannes Kristján Guðlaugsson svæðisstjóri Freyjusvæðis, Sámal Bláhamar svæðisstjóri Færeyjasvæðis, Benedikt Kristjánsson svæðisstjóri Óðinssvæðis, Emelía Dóra Guðbjartsdóttir svæðisstjóri Ægissvæðis, Gylfi Ingvarsson formaður K-dagsnefndar, Sigurður R. Pétursson formaður Styrktarsjóðs, Tómas Sveinsson Internetnefnd, Björn Baldvinsson fyrir Ferðanefnd, Sigurður Einar Sigurðsson umdæmisritari, Andrés K. Hjaltason formaður Tryggingarsjóðs, Óskar Guðjónsson formaður Laganefndar og varaforseti KI-EF, Guðlaugur Kristjánsson formaður Fræðslunefndar, Jóhann V. Sveinbjörnsson svæðisstjóri Sögusvæðis, Haraldur Finnsson fyrir Hjálmanefnd. Arnór L. Pálsson gjaldkeri Tryggingasjóðs og gestur Tórharda Bláhamar Kiwanis Rósan **Fjarverandi:** Ólafur Jónsson formaður Hjálmanefndar, Kristján G Jóhannsson formaður Fjárhagsnefndar og Kristinn Örn Jónsson formaður Þingnefndar.

1. Fundur settur

Haukur Sveinbjörnsson umdæmisstjóri setti fund og bauð fundarmenn velkomna og bað þá að kynna sig. Að því loknu bað hann fundargesti að klappa fyrir Petrínu vegna ráðningar hennar sem húsvarðar. Að því loknu kynnti hann dagskrána og nefndi að fundurinn yrði með hlé vegna afhendingar styrkja K-dagsnefndar og yrði boðið uppá léttar veitingar í hléinu.

2. Skýrsla umdæmisstjóra

Umdæmisstjóri fór yfir skýrslu sína og nefndi að Óskar myndi segja frá samþykktum KI-EF aukapingi sem var í janúar. Haukur nefndi að hann ætli á sameiginlegan fund Freyjusvæðis 1. mars og árshátíðs Óðinssvæðis 1. apríl og hvatti félagi í umdæmisstjórn til að mæta.

3. Skýrsla umdæmisritara

Umdæmisritari fór yfir skýrslu sína og nefndi að skil mánaðarskýrsla væri margfalt betri. Níu klúbbar hafi þó ekki enn skilað janúarskýrslu eða um það bil 25% klúbba. Einn klúbbur hefur ekki skilað mánaðarskýrslum í nokkur ár. Eina svæðið sem er með öll skil á mánaðarskýrslum er Færeyjasvæði.

4. Skýrsla umdæmisféhirðis

Sendir voru út greiðsluseðlar vegna fyrri hluta umdæmisgjalda og vegna Kiwanisfrétta, samtals tæpar 6 milljónir. Eindagi var 1. desember og hafa allir klúbbar gert upp gjöldin. Greiðsla kom frá Olís v. Olíslykilsins og nam hún 502 þúsund krónum. Rukkun kom frá Kiwanis International fyrir erlendu gjöldum klúbbanna. Sendir voru út greiðsluseðlar til allra klúbba og hafa í dag allir klúbbar greitt fyrir utan einn. Samtals námu þau 45.193 evrum eða 5,4 milljónum. Ákveðið var í ljósi góðs rekstur síðasta starfsárs að greiða eina milljón inn á lán umdæmisins hjá Landsbankanum vegna Bíldshöfða 12. Stendur lánið því í dag í rétt tæpum 3,9 milljónum króna.

5. Skýrsla kjörumdæmisstjóra

Konráð Konráðsson sagði frá fræðsluferð til Prag með hluta umdæmisstjórnar. Á fræðslu kjörumdæmisstjóra í Indianapolis í haust hafði Konráð, ásamt kjörumdæmisstjóra Belgíu-Lúxemborg, Josy Glatigny, tekið að sér að taka saman og kynna niðurstöður vinnufundar kjörumdæmisstjóra Evrópu sem þar var haldinn.

Niðurstöðurnar voru að hluta til ábendingar til Evrópustjórnar og skrifstofu KIEF en sneru einnig að sameiginlegu evrópsku þjónustuverkefni. Næst nefndi hann að Færeyingar munu koma með sína innsýn í stefnumálin í apríl í Færeyjum á sérstökum stefnumálafundi. Þar yrði farið yfir stefnuna og á næsta umdæmisþingi yrðu lokaniðurstöður kynntar til samþykktar. Nefndi hann að fræðsla svæðisstjóra verði 25. mars 2017. Búið er ákveðna umdæmisfundum Kiwanisárið 2017-2018 og verður það kynnt síðar á heimasíðu umdæmis. Umdæmisþing 2018 verður í Mosfellsbæ dagana 14. - 15. september. Ekki hafa borist svör frá KI um þýðingar á mánaðarskýrslum, þó eftir því væri leitað. Svæðisstjóri Óðinssvæðis spurði hvort klúbbar ættu ekki að taka fyrir og leggja fram innlegg í stefnumálin. Konráð sagði að drög að stefnumálum verið send til forseta og ritara klúbba, svo klúbbar gætu tekið þau fyrir og rætt þau. Myndi hann biðja umdæmisritara að senda annað bréf til að skerpa á því að klúbbar ræddu stefnumálinn á fundum sínum og sent sínar stefnur sem innlegg í stefnumótunarmál umdæmisins. Óskar vonast eftir viðbrögðum frá klúbbum á Íslandi og er spenntur að heyra hvað Færeyingar leggja til málanna. Óskar kallaði eftir meiri upplýsingum um stöðu umdæmisins, fjölgun og hver væri afstaða umdæmisins til sumarbúða Kiwanis í Evrópu. Óskar bað ennfremur að kláruð yrði uppsetning mynda á fyrrverandi umdæmisstjórum og endaði hann á því að afhenda fyrstu keðju umdæmisstjóra svo hægt væri að varðveita hana. Umdæmisstjóri sagði í dag værum við einn félag í mínus vegna andláts og nefndi að vont væri að missa félag vegna óánægju fyrrverandi félaga og þyrfti að taka á því. Vinna verði sett í að klára uppsetningu á myndum fyrrverandi umdæmisstjóra. Umdæmisritari nefndi að engin bréf hafi borist frá KI-EF til Kiwanisumdæmis en ritari hafði séð á netsíðu kiwanis.eu upplýsingar um sumarbúðir og sett þær á fésbókarsíðu umdæmis.

6. Skýrslur svæðisstjóra

Økisstjóri Føroyar / Svæðisstjóri Færeyjasvæðis Sámál Bláhamar kynnti sig og verkefni sem í gangi væru í Færeyjum. Það er greinilegt að Sámál er kraftmikill og áhugasamur Kiwanismaður. Ræddi hann Kiwanisdúkku verkefnið hjá Kiwanis Eysturoy og sölu jólatrjáa hjá Kiwanis

Tórshavn en þeir seldu 920 jólatré. Sámal og Eiríkur Ingvarsson hafa farið og gefið Kíwanisdúkkur á fæðingarstofur og hefur það mælst vel fyrir. Sagði hann að úr íslensku og norsku dúkkunum hefði fæðst færeysk dúkka. Ætlar hann í framtíðinni að bæta við endurskinsmerkjum með dúkkunum. Ennfremur talaði hann um þýðingar á rituðu efni frá Kiwanishreyfingunni væri þýtt yfir á Færeysku og gengi það vel. En ekki hefði verið mikið þýtt eftir að Elín Joensen Kiwanis Rósan var svæðisstjóri Færeyja 2011-2012. Óskar hann eftir að fá leiðbeiningar um starfið og nefndi að Rósan hefði neitað sér um mætingarviðurkenningu. Verður honum send staðfesting á að hann eigi rétt á mætingarviðurkenningu frá Kiwanisklúbbum þegar hann hefur verið á fundi hjá þeim. Bað hann um að fá að afhenda tvær skreyttar færeyskar Kiwanisdúkkur af listakonunni Astrid Andreasen til forseta Íslands eftir K-dags styrks athöfnina í hádeginu. Umdæmisstjóri sagðist að mundi biðja forsetann að taka við þeim eftir K-dags athöfnina. Svæðisstjóri Óðinssvæðis studdi það. Formaður K-dagsnefndar minnti á að K-dagsstyrkathöfnin gengi fyrir.

Svæðisstjóri Óðinssvæðis, Benedikt Kristjánsson kynnti sig og fór yfir sitt starf og sagði að hann væri búinn að heimsækja alla klúbba í svæðinu. Las hann úr skýrslu sinni og sagði gott starf unnið í Óðinssvæði. Ræddi hann félagaveltu og hvað sumir stoppuðu stutt við í klúbbum þó hlúð væri að nýjum félögum þá hættu þeir oft. Benedikt lýsti yfir fullum stuðningi og ánægju með Sámal. Endaði hann á að segja „ekkert væl bara að drífa hlutina af“.

Svæðisstjóri Freyjusvæðis, Jóhannes Kristján Guðlaugsson fór lauslega yfir sín störf og það sem er að gerast á svæðinu, vill hann fá fleiri féлага og nefndi að hann hefði verið skoða tölur frá 2012 um fjölda þegar Freyjusvæði var stofnað í samanburði við í dag. Sagði hann að Freyjusvæði yrði með sameiginlegan fund 1. mars og að einn af aðalræðumönnum yrði frá JCI Ísland en JCI er með samstarfssamning við KI.

Svæðisstjóri Sögusvæðis Jóhann V. Sveinbjörnsson svæðisstjóri sagði frá starfi og fjáröflun á svæðinu. Jóhann lýsti yfir ánægju með B-skýrslur og sagði þær góð tæki fyrir svæðisstjóra til upplýsinga en betur má ef duga skal með skil á þeim.

Emelía Dóra Guðbjartsdóttir, svæðisstjóri Ægissvæðis fór yfir sín störf en mikið og gott starf er verið að vinna þar. Sagði hún að með því að hver klúbbur kæmi með skýrslur sínar prentaðar fengist meiri þögn á svæðisráðum, ennfremur hefur hún verið með örfyrirlestra um Kiwanis.

Guðlaugur formaður fræðslunefndar kom með gott innlegg um Kiwanishreyfinguna og samlíkingu þess við hjónaband og að stundum þarf að fá krydd í sambandið til að lífga uppá. Við þurfum líka að passa okkur að vera ekki lokuð í kassa.

Óskar þakkaði góðar skýrslur og margt gott sem lagt er fram sem notast má við stefnumótun en það hefði verið erfitt að heyra skýrsluna frá Færeyjum, hvatti hann Sámal að halda fund með öllum svæðisfélögum og ræða saman um samstarf klubbanna. Benedikt tók undir það að gera þurfi eitthvað fljótlega. Nú var gert hlé á fundinum vegna styrkveitinga K-dags.

7. Afhending á styrkjum Kiwanishreyfingarinnar vegna 14. K-dags söfnunar

Gylfi Ingvarsson formaður K-dagsnefndar setti athöfnina og bauð forseta Íslands hr. Guðna Th. Jóhannesson, frú Elizu Jean Reid, fulltrúa styrkþega og gesti velkomna. Það er Kiwanisfélögum mikil ánægja að leggja geðheilbrigðismálum enn og aftur gott lið með fjárstuðningi en ekki síður með leið til að opna umræðu um viðkvæman málaflokk.

Það eru nú rúm 45 ár síðan Kiwanishreyfingin hóf landssöfnun til styrktar geðheilbrigðismálum með sölu K-lykilsins sem fer fram að meðaltali á 3ja ára fresti og var söfnunin á síðasta ári sú fjórtánda og er áætlað að uppfærð heildarupphæð Kiwanis til geðheilbrigðismála sé á milli 250 og 300 milljónir. Það var Eyjólfur Sigurðsson Kiwanisfélagi og fyrrum heimsforseti KI sem kom með hugmyndina sem þróaðist í landsverkefni Kiwanis og ávallt undir kjörorðinu „Gleymum ekki geðsjúkum“ „Lykill að lífi“ til styrktar geðverndarmálum nýtur mikillar velvildar meðal þjóðarinnar og hafa landsmenn tekið vel á móti sölufólki okkar í gegnum tíðina og gert okkur kleift að standa við markmið söfnunarinnar sem eru:

Að safna fé til styrktar endurhæfingu geðsjúkra með sölu K-lykilsins til almennings og fyrirtækja. Að vekja almenning til vitundar um málefni geðsjúkra. Efla forvarnir með stuðningi við foreldra. Nú í ár var samþykkt að styrkja tvo aðila:

- **BUGL, sérverkefni sem snýr að þjónustu við ungt fólk og fjölskyldur kr. 9.500.000**
- **PIETA, nýstofnuð samtök til sporna gegn sjálfsskaða og sjálfsvígum kr. 9.500.000**

Hr. Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands og verndari landssöfnunarinnar og Haukur Sveinbjörnsson umdæmisstjóri Kiwanishreyfingarinnar afhentu fulltrúum styrkþega, BUGL og Pieta, áletraða gjafaplatta. Það er einlæg ósk okkar að styrkur Landssöfnunar Kiwanis „Lykill að



lífi“ megi efla þeirra mikilvæga starf í þágu þess fólks sem þau vinna fyrir. Einnig var við þetta tækifæri fulltrúum þeirra fyrirtækja sem voru aðal styrktaraðilar landssöfnunarinnar, BYKO, Olís og Samskip afhentur viðurkenningarskjöldur. Til að ná árangri í landssöfnun okkar Kiwanismanna þarf öflugt lið Kiwanis-félaga um allt land, jákvæð fyrirtæki og félagasamtök sem eru tilbúin að leggja okkur lið og síðast en ekki síst jákvæðni almennings og umfjöllun fjölmiðla. Fyrir þetta allt þökkum við Kiwanisfélagar af heilum hug. Höldum í heiðri einkunnarorðum Landssöfnunar Kiwanis „Lykill að lífi“ „*Gleymum ekki geðsjúkum*„ Fulltrúar styrkþega þökkudu fyrir sig og sögðu að stuðningur Kiwanis skiptu afar miklu máli í þeirra starfi og að finna þann mikla stuðning og ekki síst þá miklu velvild í þeirra garð og fá að vera með þeim fjölda Kiwanismanna sem mættu við athöfnina og virðingar forsetahjónanna með þátttöku þeirra í athöfninni skiptu miklu máli. Ennfremur fengi þrír forsvarsmenn OLÍS, Samskip og BYKO þrjá viðurkenningaplatta fyrir veitta styrki til K-dags.

K-dagsnefnd skipa Gylfi Ingvarsson formaður úr Hraunborg, Líney Bergsteinsdóttir ritari úr Vörðu, Eiður Ævarsson úr Keili og Sigurður Svavarsson úr Höfða.

Eftir afhendingu styrkja afhenti Sámal Bláhamar Økisstjóri Føroyar / Svæðisstjóri Færeyja Kiwanisdúkkur sem Kiwanis Eysturoy er með sem verkefni og Astrid Andreasen listakona skreytti sérstaklega fyrir forsetahjónin. Að lokinni afendingu styrkja og platta hófst umdæmisfundur á ný.

8. K-dagsnefnd

Gylfi Ingvarsson formaður K-dagsnefndar fór yfir skýrslu nefndarinnar og nefndi að lokaskýrsla kæmi á umdæmisþingi á Akureyri. Nefndi hann hvað styrkþegar hefðu verið ánægðir með fjölda Kiwanisfélaga á styrkveitingunni.

9. Skýrsla Tryggingasjóðs

Andrés Hjaltason formaður Tryggingasjóðs nefndi að með honum í sjóðnum væri Arnar L. Pálsson gjaldkeri og Hjördís Harðardóttir ritari. Nefndi Andrés að hann vildi breyta starfsári í annaðhvort að fylgja Kíwanisári eða almanaksári. Sjóðurinn var stofnaður 1984 og hefur reynst vel. Tveir klúbbar eru ekki með en það eru Askja og Ölver. Í dag er hámarksár að ganga í sjóðinn 70 ár. Umræða skapaðist um hvort að félagar sem hætt hefðu í Kiwanis ættu að geta verið áfram í klúbbum og voru mjög skiptar skoðanir á málinu. Í dag er reglan sú að til að vera í



Tryggingasjóð, þurfa félagar að vera í Kiwanis. Bera þarf upp tillögu á aðalfundi Tryggingasjóðs ef breyta á lögum sjóðsins og verður næsti fundur á Akureyri 2017.

STARFSLÝSING STJÓRNAR TRYGGINGASJÓÐS:

Stjórn Tryggingarsjóðs Kiwanisfélaga skipa þrír menn og skipta þannig með sér verkum:

Formaður

- Hann er ábyrgur fyrir félagatali sjóðsins þ.e.a.s. hann heldur utan um allar breytingar á félagatölu vegna úrsagna, fráfalla og inngöngu nýrra félaga.
- Hann er málsvari og umsjónarmaður sjóðsins.
- Hann staðfestir við fráfall félaga hvort hinn látni sé fullgildur félagi og á félagaskrá.
- Hann skal uppfæra félagatalið jafnóðum og breytingar berast.
- Hann sér um uppfærslu og bókun reikninga m.a. eftir bankareikningum og undirbýr þá til skoðunar.
- Formaður semur og flytur ársskýrslu á ársfundi sjóðsins.

Gjaldkeri.

- Hann einn hefur prókúru og sér um reikninga sjóðsins sem eru í Landsbanka Íslands Breiðholtsútibúi. 115 – 26 - 2017 Kt. 420284-0209 (tékkareikningur) og 115 – 15 – 371801 (Vaxtareikningur).
- Hann greiðir dánarbætur í samráði við formann sjóðsins. Upphæð samkvæmt ákvörðun ársfundar.
- Hann sér um innheimtu tryggingargjalda eins og þau eru ákvörðuð á hverjum tíma (nú 5 x 980 kr.per félag í nóvember 2012 og 5 x 980 kr.í febrúar 2013).
- Hann sendir innheimtur vegna stofngjalda nýrra félaga. Stofngjöld eru ekki innheimt af fyrrverandi félögum í Tryggingarsjóðnum.

Ritari

- Hann heldur fundargerðir stjórnar og ársfundar.
- Hann sér um stofnskrána. Fjölfaldar og dreifir eftir þörfum.
- Hann undirbýr gögn fyrir ársfund.
- Hann vinnur önnur þau störf sem honum eru falin af formanni.

Starfsár sjóðsins er frá 1. júlí til 30. júní ár hvert. Í sjóðnum eru 630 félagar. Tólf félagar létust á síðasta starfsári og sjö félagar eru látnir á þessu starfsári. Sjóðurinn innheimtir tryggingargjald 10.200 kr pr. féлага með 2 gjalddögum, annar fyrir áramót og hinn eftir áramót. Dánarbætur eru 550.000 kr. Stofngjald er kr. 2.000.- Eignir eru þann 30/6 2016 um 15 milljónir króna.

10. Skýrsla Hjálmanefndar

Ólafur Jónsson formaður Hjálmanefndar átti ekki heimengt en Haraldur Finnson er fulltrúi

Freyjusvæðis flutti skýrslu nefndarinnar, nefndi hann að Ægissvæði hefði verið fyrst að skila tölum en vegna seinagangs á svæðum hefði hann og aðrir fulltrúar svæða þurft að hringja eftir þeim. Við þurfum að taka okkur tak fyrir næsta Kiwanisár. Mjög mikilvægt er að allir hjálmar komist til skila. Tæplega 5000 hjálmar eru á leiðinni og ætti að vera hægt að dreifa þeim í apríl og gert er ráð fyrir aukahjálmmum.

11. Skýrsla Styrktarsjóðs

Sigurður R. Pétursson formaður Styrktarsjóðs sagði að leyfi frá KI USA til að nota vörumerki KI á vörum fyrir umdæmið væri komið. Styrktarsjóður er með inná reikningi ellefu milljónir og væri styrktarnefnd farin farin að huga að úthlutun. Vel hefði gengið að selja stjórnur á þessu ári og hefðu verið seldar stjórnur fyrir 1.44 milljón árið 2016. Sex gullstjórnur með rúbín væru seldar en þær eru stærstu viðurkenningar sem hver klúbbur getur veitt félaga. 128 gullstjórnur og 225 silfurstjórnur hefðu selst. Nú væri ekkert að vanbúnaði að koma upp netsölusíðu og hefði Stefán Brandur í Ós boðið fram hjálp við það.

12. Varaforseti KI-EF

Óskar Guðjónsson formaður Laganefndar og varaforseti KI-EF fór yfir niðurstöður aukapings KI-EF í Lúxemborg. Gera á KI-EF að sjálfstæðu dótturfélagi KI og var samþykkt að halda áfram með stofnun dótturfélags KI-EF (KI-E) og verður það borið undir fimmtugasta KI-EF þing frá upphafi. Borgað yrði sérstakt leyfisgjald til KI frá Evrópu og fengi KI-EF sérstaka kennitölu. Einhverjar hugleiðingar eru um breytingar um hvernig atkvæði gætu gilt í framtíðinni. Í dag hafa allir jafnan atkvæðisrétt, en fjölmenn umdæmi vilja sum fá meiri rétt miðað við fjölda félaga í umdæmum. Slíkar breytingar væru ekki góðar fyrir lítil umdæmi eins og IS-FO. Samþykkt var að borga fyrir Kiwanisfélagi í Evrópu á heimsping KI sem haldin eru í Evrópu, en ávallt er frítt á KI-EF þing nema á sér atburði t.d. galaveislur.

Benedikt spurði hvaða áhrif það skili að breyta í dótturfélag KI-EF. Óskar svaraði að meira gagnsæi um fjármál og gæti orðið til að erlend gjöld lækki. Gunnsteinn sagði að helsta breytingin væri að KI-EF fengi kennitölu. Sigurður hjá styrktarsjóð lýst vel á þetta og yrði meiri hagræðing. Guðlaugur spurði hvernig færi með umsóknir um styrki frá KI og KI-EF. Andrés spurði um rekstur KI-EF skrifstofu í Gent Belgíu.

13. Skýrsla Internetnefndar

Tómas Sveinsson formaður Internetnefndar var ánægður með að fleiri fréttir sem hafa borist til birtingar á kiwanis.is. Vinna við Office 365 er í fullum gangi og eru netföng umdæmisstjórnar að detta inni kerfið þessa dagana. Stefnt er svo að fara nota Skype for Business en það er inni Office pakkanum í stað Go To Meeting. Internetnefnd stefnir á að gera kynningarefni fyrir umdæmisþing.

14. Skýrsla Kynningar- og markaðsnefndar

Gunnsteinn Björnsson kynnti skýrslu sína og sagði að vefsíður styrktu samfélagsmiðla. En notkun samfélagsmiðla er orðin mjög virk. Virkja þarf klúbba betur til að deila frá sínum fésbókarsíðum á umdæmisfésbókarsíðuna en vanda þurfi hvernig efni er sett á netið. Gunnsteinn mun fá aðstoð frá umdæmisritara til að senda bréf til klúbba sem vilja aðstoð frá Kynningar- og markaðsnefnd. Til dæmis er Kiwanisklúbburinn Freyja framarlega í notkun á samfélagsmiðlum. Umdæmið þarf að koma sér upp teymi til að vera fljótt að koma góðri kynningu af stað, jafnvel í samstarfi við styrktarsjóð.

15. Skýrsla Ferðanefndar

Björn Baldursson kom næstur fyrir Ferðanefnd og sagði að næsta greiðsla væri 1. apríl og rest væri rukkuð gegnum ferðaskrifstofuna eftir það. Nánari upplýsingar eru á kiwanis.is og skýrslu nefndarinnar. Í dag eru 39 manns bókaðir í Frakklandsferðina. Hefur Björn heyrt af fleirum fulltrúum á heimsping KI og Evrópuþing KI-EF sem koma þangað á eigin vegum.

16. Skýrsla Fræðslunefndar

Formaður hennar Guðlaugur Kristjánsson sagði að fræðsla svæðisstjóra yrði 25. mars milli kl 10.00 – 17.00 og farið yrði út að borða um kvöldið. Talaði Guðlaugur útfrá skýrslu sinni og sagði þar frá breytingum í nefndinni. En Emelía Dóra og Sigrún frá Sólborgu hafa hætt í nefndinni en Hjördís Harðardóttir Sólborgu hefur bæst í hana. Fræðsla embættismanna og stefnumótunarvinna Kiwanisklúbba í Færeyjum verður í Færeyjum í apríl. Ýmis erindi hafa komið frá klúbbum og verður formaður með kynningu á svæðisráðstefnu Sögusvæðis 6. maí.

17. Önnur mál.

Gylfi formaður K-dagsnefndar sagði að styrkþegar hefðu lýst ánægju með fjölda á afhendingu K-dagsstyrkja.

Haukur nefndi að á galaveislu á umdæmisþingi væri krafa um klæðaburð, ekki ætti að vera klæddur t.d í gallabuxur.

Björn í ferðanefnd lýst vel á að gestir verði vel klæddir á galaveislu.

Benedikt sagði léttan brandara og nefndi að árshátíð Óðinssvæðis yrði 1. apríl á Húsavík og bauð umdæmisstjórn að mæta.

Óskar telur að það þurfi að koma skýrar reglur um rekstur svæða og þurfi að skapa vinnuhóp um það. Býðst hann til að leiða slíkan hóp og nefndi að hann hefði mannskap í hópinn. Óskar talaði um framtíð Kiwanisfrétta og bað framkvæmdaráð að taka á málinu. Hvatti hann til þess að umdæmisféhirðir yrði með í fjárhagsnefnd umdæmis.

Andrés saknaði þess að fá ekki pistla frá umdæminu.

Haukur nefndi að stefnt væri að kjörumdæmisstjóri og umdæmisféhirðir yrði fastafulltrúi í fjárhagsnefnd umdæmis. Haukur nefndi ef fara ætti að stað með pistla þyrfti að skipa í ritnefnd.

Gunnsteinn sagði að það hefði vantað efni í Kíwanisfréttir og það ætti eftir að setja saman þingblað og jafnvel með meira efni en oftast.

Sigurður í styrktarsjóði vill fá meiri fréttir frá umdæminu og nefndi hann að hann ætti allar Kiwanisfréttir frá upphafi.

Sámal sagði léttan brandara og talaði um Kiwanisdúkkuna og að hann stefndi að á endurskinmerkin væri með merki Kiwanis sem færu með dúkkunni.

11. Fundarslit

Haukur Sveinbjörnsson þakkaði fyrir góðan fund og sleit svo fundi kl 15.15.

Fundargerð ritaði

Sigurður Einar Sigurðsson

Umdæmisritari